



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

SÆUNN OG DANÍEL  
**VORBLÓTTIÐ**

**21. FEBRÚAR**  
2019

---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og aðgengilegir á ruv.is. Einnig er beint myndstreymi af tónleikunum á vef hljómsveitarinnar [www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is).

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

### Áætluð tímalengd verka:

Fratres: 10'

Bow to String: 15'

Vorblót: 35'

Hlé er u.þ.b. 20 mínútur.

Upphaflega stóð til að Pekka Kuusisto léki fiðlukonsert Daniëls á tónleikunum en hann þurfti að aflýsa komu sinni vegna handarmeins.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna legalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**

Icelandair Hotels



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

FIM **21** FEB 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# VORBLÓTIÐ

---

**Daníel Bjarnason**

hljómsveitarstjóri

**Sæunn Þorsteinsdóttir**

einleikari

---

**EFNISSKRÁ**

Arvo Pärt

**Fratres** (1977/1991)

Daníel Bjarnason

**Bow to String** (2009)

Sorrow Conquers Happiness

Blood to Bones

Air to Breath

**Hlé**

Ígor Stravinskij

**Vorblót** (Le Sacre du printemps, 1913)

Fyrri hluti: Tilbeiðsla jarðarinnar

Inngangur – Vorboðar (Dans ungmeyjanna) – Brottnámsleikur

– Vordansar – Stríðandi ættbálkar – Óldungurinn alvitri – Dans jarðarinnar

Seinni hluti: Fórinn mikla

Inngangur – Helgidans ungmeyjanna – Hylling hinnar útvöldu

– Ákall til forfeðranna – Helgidans forfeðranna – Fórnardans hinnar útvöldu

---

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:

**en.sinfonia.is**

---



---

# DANÍEL BJARNASON

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**D**aníel Bjarnason (f. 1979) er í fremstu röð íslenskra tónlistarmanna og nýtur mikillar og vaxandi velgengni víða um heim bæði sem tónskáld og hljómsveitarstjóri. Hann stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík, þaðan sem hann útskrifaðist árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn. Á síðustu árum hefur Daníel unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita víða um heim – má þar nefna Fílharmóníuhljómsveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Tókýó og Lundúnum, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi, Ulsterhljómsveitina og Britten-sinfóníuna. Meðal hljómsveitarstjóra sem stjórnað hafa verkum Daníels eru Gustavo Dudamel, John Adams, Esa-Pekka Salonen og Osmo Vänskä. Daníel hefur gefið út fjórar plötur með eigin verkum hjá plötufrirtækinu Bedroom Community; *Processions* (2010), *Solaris* (2012), *Over Light Earth* (2013) og *Collider* (2018).

Meðal nýlegra verka Daníels má nefna fiðlukonsert hans, sem Pekka Kuusisto frumflutti með Fílharmóníusveit Los Angeles undir stjórn Gustavo Dudamel 2017 og óperuna *Brothers* sem frumsýnd var hjá Dönsku þjóðaróperunni í Árósum 2017 og í framhaldinu sýnd á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík sumarið 2018. Verkið hlaut bæði Íslensku tónlistarverðlaunin og dönsku sviðslistaverðlaunin, eða Reumert-verðlaunin, sem ópera ársins í Danmörku. Daníel var staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2015–2018 og starfar áfram náðið með hljómsveitinni. Hann er nú staðartónskáld í tónleikahúsinu Muziekgebouw Frits Philips í Eindhoven í Hollandi. Daníel hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín, þar á meðal Íslensku tónlistarverðlaunin margoft. Í upphafi þessa árs hlaut Daníel Íslensku bjartsýnisverðlaunin.



---


# SÆUNN ÞORSTEINSDÓTTIR

## EINLEIKARI

**S**æunn Þorsteinsdóttir er meðal fremstu sellóleikara landsins og hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir innblásinn og tilfinningaþrunginn leik sinn. Hún byrjaði fimm ára gömul að læra á selló við Tónlistarskóla Íslenska Suzukisambandsins en hún fluttist ásamt fjölskyldu sinni til Bandaríkjanna þegar hún var sjö ára. Hún lauk meistaraþrófi frá Juilliard-tónlistarháskólanum í New York, hefur leikið á fjölda tónleika og tónlistarhátíða um allan heim og meðal annars komið fram sem einleikari með Filharmóníuhljómsveit Los Angeles, Sinfóníuhljómsveit Norður-þýska útvarpsins í Elbphilharmonie og Sinfóníuhljómsveitinni í Torontó, auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sæunn er ötull og framúrskarandi flytjandi samtímatónlistar, en á yfirstandandi starfsári leikur hún meðal annars sellókonsernt Páls Ragnars Pálssonar, *Quake*, með Sinfóníuhljómsveit Seattle og Sinfóníuhljómsveit BBC, en Sæunn frumflutti verkið með Filharmóníusveit Los Angeles á viðamikilli Íslandshátíð sem hljómsveitin stóð fyrir 2017 undir listrænni stjórn Daníels Bjarnasonar. Sæunn var sellóleikari Manhattan-píanótríosins og er stofnandi kammerhópsins Decoda, sem hefur að markmiði að glæða flutning kammertónlistar nýju lífi með skapandi fræðslu og samfélagsþátttöku. Sæunn kennir við Washington-háskóla í Seattle samhliða fjölbreyttu tónleikahaldi um allan heim.

Hljóðritun Sæunnar á einleikssvítum Benjamins Britten fyrir selló kom út hjá Centaur Records 2011, en ný hlómplata hennar, *Vernacular*, kemur út hjá bandaríska útgáfufyrirtækinu Sono Luminus í byrjun mars og var fylgt úr hlaði með útgáfutónleikum í Ásmundarsal í gær. Á plötunni er að finna fjögur ný og nýleg íslensk verk fyrir einleiksselló eftir tónskáldin Pál Ragnar Pálsson, Þuríði Jónsdóttur, Halldór Smáráson og Hafliða Hallgrímsson.



# ARVO PÄRT

## FRATRES

Eistneska tónskáldið Arvo Pärt (f. 1935) er meðal þekktustu núlífandi tónskálda heims og svo virðist sem kyrrðin, tærleikinn og hin allt að því dulræna andakt sem einkennir best þekktu verk hans eigi sérstakt erindi við nútímamanninn. Sá upphafni einfaldleiki sem verk Pärts búa yfir, og hefur verið nefndur helgi-naumhyggja, eða *holy minimalism*, er þó ekki eins einfaldur og hann sýnist. Hann byggir á áralangri leit og tilraunum með hugmyndafræði, form, tónmál og stíl.

Pärt hóf tónsmíðaferil sinn í hinu sovéska Eistlandi sem nýklassískt tónskáld og bera snemmverk hans keim af Prokofjev og Shostakovitsj. Hann leitaði síðar á framúrstefnulegri mið og varð til að mynda fyrstur landa sinna til að semja tónverk með 12-tóna aðferð Schoenbergs – nokkuð sem stjórnvöld tóku óstíntt upp, og töldu til merkis um spillandi, vestræn áhrif. Að lokum fór tónskáldinu sjálfu að innast framúrstefna og serialismi lítið meira en innantómir leikir vitsmunanna. Pärt dró sig í hlé frá opinberu tónlistarlífi um átta ára skeið og leitaði inn á við, kannaði tónlist endurreisnar og miðalda, Gregorsöng og kennisetningar rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar. Niðurstæða hans varð tær og einföld tónsmíðaáferð sem hann nefnir *tintinnabuli*-stíl, eða bjölluhljómsstíl, þar sem hljómtónar og laglínur óma saman svo minnr á yfirtóna bjölluhljóms. Útkoman er einstök – nútímaleg og forn í senn – og leiðir hlustandann inn í stillt tímaleysi og djúpa íhugun.

Verkið *Fratres*, eða *Bræður*, frá árinu 1977, er meðal fyrstu verkanna sem tónskáldið samdi með hinni nýmótudu tintinnabuli-áferð eftir að „þögla tímabilinu“ lauk. Verkið er látlaust í byggingu: Einskonar tilbrigði við sex takta stef leikin af strengjum, sem brotin eru upp með stuttum yrðingum frá slagverki. Það er til í ótal útsetningum, enda var það í upphafi gefið út án fastrar hljóðfæraskipunar. Pärt hefur sjálfur lýst tónlist sinni á þann veg að henni megi líkja við hvítt ljós sem felur í sér allt litrófið. Þetta litróf verði þó aðeins sýnilegt þegar ljósið brotnar í prisma, og sú prisma, segir Pärt, getur verið hugur áheyrans. Hlustun hans og íhugun er þannig það ljósbrot sem opinberar margbreytileika tónlistarinnar. Þessi lýsing á óvíða eins vel við og í verkinu *Fratres*, sem er undurfagurt og margslungið þrátt fyrir látleysið.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Verk Arvo Pärt, þar á meðal *Fratres*, hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi. Þau hafa verið flutt á ótal tónleikum ýmissa einleikara, kóra, kammerhópa og hljómsveita, og má þar nefna Kammerveit Reykjavíkur og Símfóníuhljómsveit Íslands. Árið 1988 kom Arvo Pärt sjálfur hingað til lands og var viðstaddur tónleika Hamrahlíðarkóranna og Kammerveitar Reykjavíkur, þar sem *Fratres* var á efnisskrá. Á tónleikum í tilefni af áttæðisafmæli tónskáldsins 2015 hélt Kammerveitin svo tónleika þar sem ekki færri en fimm mismunandi útsetningar tónskáldsins á verkinu fengu að hljóma.



# DANÍEL BJARNASON

## BOW TO STRING

**D**aníel Bjarnason samdi *Bow to String* fyrir Sæunni Þorsteinsdóttur í lok fyrsta áratugar þessarar aldar, en Sæunn hafði óskað eftir verki fyrir einleiksselló frá tónskáldinu. Eins og Daníel segir sjálfur frá, fjölgaði þó sellöröddunum í verkinu á meðan á samningu þess stóð, svo til varð tónverk sem nýtti sér nútímaupptökutækni til fulls: Sellóleikarinn skapar einskonar sellósveit úr margra rása upptöku af sjálfum sér, og leikur svo einleik með þeirri upptöku. Í þeirri mynd kom verkið út á geisladiski Daníels, *Processions*, árið 2010 og hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sama ár sem tónverk ársins, auk þess sem Daníel var valinn tónskáld ársins við sama tilefni. Upptakan hlaut frábærar viðtökur og átti ríkan þátt í að vekja athygli á tónsmíðum Daníels víða um heim. Hún varð til að mynda einskonar kveikja að gjöfulu samstarfi tónskáldsins við Fílharmoníusveit Los Angeles, en það samstarf stendur enn með miklum blóma. Verkið hélt þó áfram að þróast og til urðu nokkrar aðrar útgáfur af því til flutnings við mismunandi aðstæður, til að mynda ein fyrir selló og kammersveit, önnur fyrir selló og 46 strengjahljóðfæri, og sú þriðja fyrir selló og fullskipaða símfóníuhljómsveit – en sú útgáfa hljómar í heild sinni í fyrsta sinn á Íslandi í kvöld.

*Bow to String* er í þremur köflum. Sá fyrsti nefnist *Sorrow Conquers Happiness*, en titill og meginstef hans eru sótt í vídeóverk Ragnars Kjartanssonar, *Gud*, frá 2007, þar sem listamaðurinn birtist í gervi snyrtilegs crooner-söngvara með hljómsveit og syngur fullyrðinguna í titlinum aftur og aftur af tregablandinni fágun. Hjá Daníel er yfirbragðið allt annað – kaflinn er knúinn áfram af linnulausri hljómrænni og rytmískri spennu, þráhyggjukennnd hlaup sellósins fíkra sig upp og niður tónsviðið af vaxandi örvæntingu, uns meginstefið fær útrás af hvíslandi ákefð. Í þáttunum tveimur sem á eftir fylgja, *Blood to Bones* og *Air to Breath* fíkrar verkið sig „úr hávaða í kyrrð, frá hinu jarðneska til hins loftkennda,“ eins og tónskáldið lýsir því – miðkaflinn byggir á fingerðu strengjaplokki einleikarans í létrri og dulúðugri umgjörð hljómsveitarinnar, en í lokakaflanum fær sellóið að syngja af angurværð sem er fislétt og íhugul í senn.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Útsetning Daníels Bjarnasonar á verki sínu *Bow to String* fyrir selló og kammersveit hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi á tónlistarhátiðinni Við Djúpið 2009.

Þótt verkið heyrst nú í fyrsta sinn í heild sinni í útsetningu fyrir selló og fullskipaða símfóníuhljómsveit, flutti Sæunn Þorsteinsdóttir síðasta kaflann,

*Air to Breath*, með Símfóníuhljómsveit Íslands á tónleikumum Klassikín okkar síðasta haust, en þeir voru sýndir í beinni útsendingu Sjónvarpsins.

Önnur verk Daníels Bjarnasonar hafa hljómað reglulega á tónleikum hljómsveitarinnar síðan píanókonsertinn *Processions* var frumfluttur á Myrkum músikdögum árið 2009, og hefur tónskáldið þá ævinlega staðið sjálft á stjórnendapalli. Hljómsveitinn flutti þannig hljómsveitarverkin *Emergence* árið 2011, *The Isle is Full of Noises* ásamt báðum Hamrahlíðarkórnum árið 2014 og *Collider* 2015, en Sí pantaði síðastnefnda verkið ásamt Símfóníuhljómsveitinni í Cincinnati.



# ÍGOR STRAVINSKÍJ

## VORBLÓT

„Mér stóð fyrir hugskotssjónum alvörubrúningin, heiðin helgiathöfn: Vitrir öldungar sátu í hring og fylgdust með ungrri stúlku dansa sig til ólífis. Hún var fórn þeirra til að friðþægja guði vorsins.“ Svo lýsti Ígor Stravinskíj (1882-1971) þeirri sýn sem varð kveikjan að einu áhrifamesta tónverki 20. aldar, *Vorblóti*. Þetta var árið 1910 og tónskáldið unga enn upptekið við að semja ballettinn *Eldfuglinn* fyrir dansflokkinn Ballets Russes undir stjórn Sergejs Djagílev, en Djagílev stóð um þessar mundir fyrir einskönar rússneskri menningarútrás í heimsborginni París. Bæði *Eldfuglinn*, sem dansflokkurinn frumflutti 1910, og næsti ballett Stravinskíjs, *Petrúska*, frumfluttur ári síðar, bera keim af þjóðlegum, rússneskum áherslum. Þriðji ballettinn, *Vorblót*, átti að ganga skrefinu lengra og draga fram kraftmiklar svipmyndir úr hinni heiðnu fortíð slavnesku þjóðflokka sem byggðu Rússland. Í því skyni fékk Djagílev til liðs við sig rússneska myndlistarmanninn Nikolaj Roerík, sem einnig var sérfræðingur í slavneskri sögu og þjóðfræði. Það kom svo í hlut hins unga stjórnudansara flokksins, Vatslavs Nízhinskíj, að semja dansinn við tónlist Stravinskíjs.

Samvinna þessara hæfileikamanna skilaði söguþræði sem er á þessa leið: Í fyrri hluta verksins, *Tilbeiðslu jarðarinnar*, er vorið vegsamað, leikið er á flautur og ungmeyjar dansa og hylla vorið. Ættbálkurinn skiptir sér í tvo hópa sem dansa hvor á móti öðrum. Hinir vitru öldungar þorpsins koma að og sá elsti og vitrasti þeirra stöðvar dansinn. Þeir blessa jörðina og allur ættflokkurinn stígur ástríðufullan dans til jarðarinnar. Seinni hluti verksins, *Fórnin mikla*, gerist að næturlagi, og ungmeyjarnar dansa nú dularfulla hringdansa. Að lokum er aðeins ein eftir í miðju hringisins, en hinar dansa henni til heiðurs, ákalla forfeðurna og færa hana svo öldungunum, sem fylgjast með henni dansa sinn tryllta fórnardans þangað til hún hnígur örend niður, guðum vorsins til dýrðar.

Ef marka má frásagnir þeirra sem viðstaddir voru sögufrægan frumflutning *Vorblóts* í hinu nýopnaða Théâtre des Champs-Élysées í París þann 29. maí 1913 er þó ólíklegt að nokkur áhorfandi þar hafi fylgt þessum söguþræði alla leið til enda. Hér ber að vísa að geta þess að eftir því sem frá leið lögðu mun fleiri til litríkar frásagnir af frumsýningarkvöldinu en raunverulega urðu vitni að því. En eins og einn heimildarmaður sem áreiðanlega var viðstaddur – sjálfur hljómsveitarstjórinn – lýsti því, fóru öskur og háreysi að berast af áheyrendabekkjum



strax á fyrstu mínútum verksins, út brutust stympingar og áflog, lausamunum var grýtt í dansara og hljóðfæraleikara, uns algert stjórnsleysi tók völdin í salnum og lögregla skarst í leikinn. Flestum ber að vísu saman um að það hafi verið dansinn, fremur en tónlistin, sem mesta hneykslun vakti meðal viðstaddra, en í honum birtust villtar, mannlegar hvatir af óhefluðum krafti – í hrópandi mótsögn við þann léttu og fágaða þokka sem var aðalsmerki franska ballettsins.

Tónlistin sjálf var þó ekki síður til þess fallin að hneyksla Parísarbúa. Grípandi frumkraftur hennar, framúrstefnulegur og þjóðlegur í senn, var til að mynda eins langt frá fingerðri fagurfræði hins ríkjandi franska impressjónisma og hugsast gat, og skörp skil og óvæntir snúningar hennar voru gerólíkir mjúku flæði þýsku símfóníu hefðarinnar sem almenningur þekkti einnig. Það kemur kannski ekki á óvart að ýmsir hafi borið stíl tónverksins saman við kúbismann í málalag – í *Vorblóti* mætast hvassar brúnir þegar einn tónlistarlegur efniviður mætir öðrum, hljómar og stef skarast þvers og kruss og leggjast í lög hvert yfir annað, hendingar skerast og brotna upp í agnir sem skjóta upp kollinum með ófyrirsjáanlegum hætti. Bent hefur verið á að málverk Pablos Picasso frá 1907, *Stúlkurnar frá Avignon*, hafði svipuð áhrif á myndlistarheiminn og *Vorblót* hafði í tónlistinni: Samruni primitívisma og framúrstefnu hneykslaði samtímamenn en opnaði listforminu nýja leið inn í framtíðina. Aðrir hafa talið glundroðann sem verkið vakti einskonar fyrirboða um þá menningarlegu og pólitísku upplausn sem Evrópa hélt inn í aðeins ári eftir frumflutninginn, þegar upphaf fyrri heimsstyrjaldar hratt af stað atburðarás sem átti eftir að umturna álfunni gersamlega. Og fræg eru þau ummæli franska tónskáldsins Pierre Boulez að með frumflutningi *Vorblóts* hafi verið gefið út „fæðingarvottorð nútímatónlistarinnar“.

Nýjungarnar sem Stravinskíj reidir fram í *Vorblóti* eru margskonar. Þær lúta til að mynda að meðferð og samsetningu hljóna, stefja og áferðar úr skrifunum fyrir hljómsveitina. Þegar kemur að byltingarkenndum sprengikrafti tónlistarinnar munar þó sennilega mest um nýstárlega og feikilega áhrifaríka notkun hans á hrynn. Í stað þess að reglubundinn púls leiði tónlistina áfram í stöðugum en mjúkum straumi, raðast slögin í *Vorblóti* í óreglulegar lotur og áherslurnar brjótast fram þegar síst skyldi – stundum eins og óvænt kjaftshögg. Síðreytileg hrynmynstrin leggjast hvert yfir annað og verða í lokin svo kvik og ófyrirsjáanleg að tónskáldið átti í mesta basli við að finna þeim réttan rithátt úr hefðbundinni nótnaskrift – og enn í dag mega tónlistarmenn og áheyrendur hafa sig alla við til þess að fara ekki út af sporinu.

*Halla Oddný Magnúsdóttir*

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Vorblót hljómaði í fyrsta sinn á Íslandi árið 1982, þá flutt af ungmennahljómsveit í Háskólabíói á lokatónleikum hljómsveitarnámskeiðs undir leiðsögn bandaríska fiðluleikarans Pauls Zukofsky. Síðan hefur Símfóníuhljómsveit Íslands leikið Vorblót sjö sinnum: árin 1985 (þar sem stjórnandi var Jean-Pierre Jacquillat), 1991 (Petri Sakari), 1995 (Osma Vänskä), 2001 (Petri Sakari), 2004 (Vladimir Ashkenazy), 2007 (Rumon Gamba) og 2013 (Ilan Volkov). Orkester Norden lék verkið hér á landi sumarið 1998 og þeim flutningi stjórnaði Paavo Järvi. Í september árið 2017 flutti svo Ungsveit Símfóníuhljómsveitar Íslands verkið í Eldborg. Þess má einnig geta að gerð verksins fyrir tvö píanó hefur hljómað á tónleikum hér á landi, fyrst í flutningi Gísla Magnússonar og Halldórs Haraldssonar á Listahátíð í Reykjavík 1978.

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

21. FEBRÚAR 2019

## 1. FIDLA

Nicola Lolli  
Vera Panitch  
Andrzej Kleina  
Bryndís Pálsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Laura Liu  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Zbigniew Dubik  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Justyna Bidler  
Laufey Sigurðardóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir

## 2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares  
Peter Andreas Nielsen  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Roland Hartwell  
Ísak Ríkhartsson  
Dóra Björgvinsdóttir  
Christian Diethard  
Gunnhildur Daðadóttir  
Pascal La Rosa  
Þórdís Stross  
Kristján Matthíasson  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Greta Guðnadóttir

## VIÓLA

Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Lucja Koczot  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Margrét Hjaltested  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Kathryn Harrison

Ásdís Hildur Runólfssdóttir  
Bryndís Bragadóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Ólöf Sigursveinsdóttir  
Lovísa Fjeldsted  
Þórdís Gerður Jónsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Jacek Karwan  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson  
Jóhannes Georgsson  
Borgar Magnason  
Úlfar Ingi Haraldsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Melkorka Ólafsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Julia Hantschel  
Sandra Simón Monje  
Helen Clinton  
Össur Ingi Jónsson  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Einar Jóhannesson  
Grímur Helgason  
Baldvín Ingvar Tryggvason  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Ignas Mazvila  
Bryndís Þórsdóttir  
Felix Schwamm  
Eugénie Ricard  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Asbjørn Bruun  
Emil Friðfinnsson  
Frank Hammarin  
Joseph Ognibene  
Jukka Harju  
Rakel Björt Helgadóttir  
Robert Ward

## TROMPET

Einar Jónsson  
Stefano Flaibani  
Eiríkur Örn Pálsson  
Kasper Knudsen  
Guðmundur Hafsteinsson  
Steinn Völundur Halldórsson,  
bassatrompet

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nicolas Inermuhle  
Vidar Lovbrotte

## PIÁNÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Soraya Nayyar  
Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*

Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*

Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*

Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*

Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*

Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*

Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*

Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*

Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*

Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*

Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*

Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*



---

# KLASSÍKIN OKKAR – TÓNLISTARSAGAN ÞÍN

Mjólkar þú kýrnar við undirleik Mozarts? Eða setur Verdi á fóninn þegar þú vaskar upp? Manstu eftir fyrsta tónverkinu sem þú táraðist yfir?

## HEFUR TÓNLIST BREYTT LÍFI ÞÍNU?

Tónlist veur hjá okkur djúpar tilfinningar, tengist dýrmætum minningum og bindur okkur við fólkid sem okkur þykir vænt um. Nú leitar Sinfóníuhljómveit Íslands að tónlistarsögnum ykkar: Sögum af því hvernig sígild tónverk hafa haft áhrif á ykkur, hvernig þau minna ykkur á merkilega atburði eða minnisstæðar manneskjur – nú eða bara lita hversdagslífið.

Segðu okkur frá þínu eftirlætis tónverki, íslensku eða erlendu, og hvers vegna það er í upphaldi – hvernig það tengist lífi þínu. Hver veit nema verkið þitt – og sagan þín – verði öðrum innblástur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg, sem sýndir verða í beinni útsendingu í Sjónvarpinu föstudagskvöldið 1. september.

Tillögur að verkum ásamt frásögnum óskast á netfangið [klassikin@ruv.is](mailto:klassikin@ruv.is) eða inn á vefinn [www.ruv.is/klassikin](http://www.ruv.is/klassikin) fyrir 1. apríl.

## Á DÖFINNI

**FM** 28<sup>th</sup> 19:30

---

## BRANTELID LEIKUR ELGAR

Danski sellóleikarinn Andreas Brantelid vann hug og hjörta íslenskra tónleikagesta þegar hann lék einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2016. Nú snýr Brantelid aftur með vinsælt meistaraverk í farteskinu, tilfinningaþrunginn selló-konsert Elgars. Á tónleikunum hljómar einnig tímamótaverk Jórunnar Viðar, *Eldur* og þriðja sinfónía pólska meistarans Lutosławski. Stjórnandi á tónleikunum er Eva Ollikainen. Á tónleikum Föstudagsraðarinnar í Norðurljósum leikur Brantelid sellókonsert Elgars og Strokkvartettinn Siggí flytur *In Memory* eftir bandaríska tónskáldið Joan Tower.





SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**21. MAR** 19:30

# VON OTTER O TORTELIER

**Yan Pascal Tortelier** hljómsveitarstjóri

**Anne Sofie von Otter** einsöngvari

**Einar Jóhannesson** einleikari

**Atli Heimir Sveinsson / W.A. Mozart**  
Alla turca etc.

**Joseph Canteloube**  
Söngvar frá Auvergne (Chants  
d'Auvergne)

**Georges Bizet**  
Sinfónía í C-dúr

Tónleikakynning kl. 18:00

**A**nne Sofie von Otter er ein dádasta söngstjarna Norðurlanda. Hún hefur á viðburðaríkum ferli sungið með öllum helstu hljómsveitarstjórum heims og hefur unnið til bæði Gramophone- og Grammy-verðlauna. Á tónleikunum flytur hún heillandi útsetningar Josephs Canteloube á frönskum þjóðlögum.

Tónleikarnir hefjast með sprellfjörugri útsetningu Atla Heimis á hinu vinsæla Rondo alla Turca eftir Mozart. Einleikari er Einar Jóhannesson einn fremsti klarínettuleikari landsins og fyrrum leiðari í Sinfóníuhljómsveitinni. Þá hljómar eina sinfónía Bizets, meistaraverk sem hann samdi aðeins 17 ára gamall og er hún vitnisburður um ótvíræða snilligáfu hans.

**TRYGGÐU ÞÉR SÆTI** SINFONIA.IS

Míðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfonia

Aðalstyrktaraðili:  
**GAMMA**

